

# Áritanir

## Umhverfisþættir

Ég hef endurskoða útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga fyrir árið 2017. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum samstæðunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð míni felst í því mati sem ég læt í ljós á gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Hún felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar í umhverfisskýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærð og mikilvægi einstakra þátta sem upp eru eru taldir í umhverfisskýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfiskýrslan gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2017, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 19. febrúar 2018.

VSÓ Ráðgjöf  
Guðjón Jónsson  
efnaverkfræðingur




## Samfélag og stjórnhættir

Fyrirtækið Ábyrgar lausnir ehf. var fengið af stjórnendum Orkuveitunnar til að veita leiðbeinandi ráðgjöf og aðstoð við innleiðingu og úttekt á sjálfbærniupplýsingum þessa uppgjörs til að auka gagnsæi og skapa traust um upplýsingagjöfina. Við þá vinnu, fyrir starfsárið 2017, kom ekkert fram sem gaf til kynna annað en að uppgjörið innihaldi áreiðanlegar upplýsingar og taki á helstu þáttum í starfsemi fyrirtækisins hvað varðar samfélagsmál og stjórnhætti þess.

Ábyrgar lausnir ehf. sérhæfir sig í rádgjöf og lausnum varðandi þá þætti er falla undir samfélagsábyrgð og sjálfbærni í rekstri skipulagsheilda. Slík aðstoð frá þriðja aðila tryggir bæði áreiðanleika og gæði skýrslunnar.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

Ábyrgar lausnir ehf.  
Gná Guðjónsdóttir



## Fjárhagur

Fjárhagslegir þættir skýrslunnar eru í samræmi við endurskoðaðan ársreikning samstæðu OR 2017.

## Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er ársskýrsla OR fyrir árið 2017 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf og leiðbeiningar kauphalla á Norðurlöndum um samþættar ársskýrslur fyrirtækja. Í ársskýrslunni er fjallað um þá þætti í rekstri OR og dótturfélaga, sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag og hvernig þeim málum er háttáð í starfseminni.

Það er álit stjórnar að tölur og upplýsingar sem tilgreindar eru í ársskýrslu OR og dótturfélaga gefi góða mynd af þróun og árangri hvað varðar umhverfismál, stjórnhætti og samfélagsmál hjá samstæðunni.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur staðfestir hér með ársskýrslu fyrir árið 2017.

Reykjavík, 26. febrúar 2018.

